

# Verklagsreglur keppnisstjóra, spora- og klæðaeftirlits

---

- Fylgt er móta- og keppendareglum DSÍ, siðareglum DSÍ, keppnisreglum WDSF og einnig stuðst við handbók keppnisstjóra frá WDSF.
- Áréttum reglu B-9.1. í Móta og keppendareglum DSÍ um að ákvörðun keppnisstjóra á keppni er endanlegur.
- Áréttum að keppnisstjóri skal fylgjast með að pör séu með rétt númer á sér. Liðstjórar hvers félags fá keppnislista afhentan með númerum við inngang á keppnisdegi.

- Rennsli

Barnaflokkar: Þar eru milliriðlar notaðir.

- o Séu 8 pör eða færri skal dansað beint til úrslit og kynningarumferð í öllum dönsum og skal tími á hvern dans eigi vera styttri en 45 sekúndur og skal vera hlé áður en úrslit eru dönsuð. Ekki er heimilt að bæta við pörum úr öðrum flokkum sem dansa ómerkt með þegar um 7 pör eða fleiri er að ræða.
- o Ef fjöldi para er 9-12 þá eru vali 4 og síðan 2 úr milliriðli til úrslita ein utantekning er ef fjöldi para er 9 og útreikningur gefur val á 5 eða 8 í úrslit þá skal velja 5 og er það til að tryggja að 1 par sé ekki skilið eftir.
- o Ef fjöldi para er 13-20 ( er þeim skipt í tvo riðla ) þá eru vali 6 og síðan 4-6 úr milliriðli í undanúrslit.
- o Ef fjöldi para er 21-30 ( er þeim skipt í þrjá riðla ) þá eru valin 10 áfram og 4-6 úr milliriðli í 2.umferð til að velja þau sem dansa í undanúrslitum ( 12 ) og velja skal 6.
- o Séu tvö pör eða fleiri jöfn að stigum um þátttöku í næstu umferð fara þau öll áfram.

- Unglinga, ungmenna og fullorðinsflokkar í grunnsporum:

- o Séu 7 pör eða færri er farið beint í úrslit. Séu 7 pör eða færri skal dansað beint til úrslita og kynningarumferð í öllum dönsum og skal tími á hvern dans eigi vera styttri en 45 sekúndur og skal vera hlé áður en úrslit eru dönsuð. Ekki er heimilt að bæta við pörum úr öðrum flokkum sem dansa ómerkt með.
- o Ef fjöldi para er 8-12 þá eru valin 4 og síðan 2 úr milliriðli til úrslita ein utantekning er ef fjöldi para er 9 og útreikningur gefur val á 5 eða 8 í úrslit þá skal velja 5 og er það til að tryggja að 1 par sé ekki skilið eftir.

- o Ef fjöldi para er 13-20. Ef fjöldi para er 13-20 ( er þeim skipt í tvo riðla ) þá eru valin 6 og síðan 4-6 úr milliriðli í undanúrslit.
- o Ef fjöldi para er 21-30 ( er þeim skipt í þrjá riðla ) þá eru valin 10 áfram og 4-6 úr milliriðli í 2.umferð til að velja þau sem dansa í undanúrslitum ( 12 ) og velja skal 6.
- o Séu tvö pör eða fleiri jöfn að stigum um þátttöku í næstu umferð fara þau öll áfram.

- Meistaraflokkar,

- o Séu 7 pör eða færri skal dansað beint til úrslit og kynningarumferð í öllum 5 dönsum og skal tími á hvern dans eigi vera styttri en 45 sekúndur og skal vera að minnsta kosti 20 mínútna hlé áður en úrslit eru dönsuð.
- o Séu 8 til 12 pör þá skal dansað undanúrslit eftir því sem fjöldi para er og velja 6 í úrslit.
- o Undantekning á þessu er ef útreikningur gefur val á 5 eða 8 í úrslit þá skal velja 5.
- o Undanúrslit skal dansa í tveimur riðlum séu pörin 10 til 12. Fyrst skal dansaður einn kynningardans allur hópurinn saman. Eftir það skal nota tölvukerfi DSÍ til að velja pör í þessa tvo riðla en kerfið gerir það sjálvvirkt og er það breytilegt í hverjum dansi hverjir lenda saman í riðlum.
- o Séu 13 til 20 pör skráð skal þeim skipt í tvo riðla og velja 10 áfram í undanúrslit.
- o Ef fjöldi para er 21-30 ( er þeim skipt í þrjá riðla ) og helmingur valin áfram í 2.umferð og síðan 10-12 í undanúrslit.

- Verðlaunaafhendingar í Meistaraflokkum, (Ungmenni, Fullorðnir) eru afhend í lok dags, í öðrum flokkum er leitast við að afhenda verðlaun eins fljótt og auðið er.
- Úrslit og verðlaunaafhendingar skal lokið fyrir eftirfarandi tímamörk: Í barnaflokkum fyrir kl 21:00, í Unglingum I fyrir kl 22:00 og í unglíngum II fyrir kl 23:00.
- Sóló dansar eru eingöngu notaðir í úrslitum hjá meistaraflokki fullorðinna. Röð para í sóló dönsum er ávalt handahófskennd og munu pör draga um númer. Framkvæmd sóló dansa er ákveðið samkvæmt tillögum WDSF á hverju ári.
- Við óviðráðanlegar/óvæntar aðstæður hefur mótstjórn á keppnisdag svigrúm til að breyta rennsli og sveigja frá þessu reglum og skal það kynnt liðstjórum og öðrum sem málið varðar.
- Mótstjórn tekur ekki á móti athugasemdum varðandi rennsli á keppnisdag.

- Klæða- og sporareglur:

- o Verði þar uppvíst af því að nota óleyfileg spor/klæðnað fær viðkomandi liðstjóri áminningu frá keppnisstjóra.

- o Verði þar uppvíst aftur af því að nota óleyfileg spor/klæðnað er parið svift stigum og sett í neðsta sæti í viðkomandi dansi.

- o Undantekning á þessu ef aðeins er dansað beint til úrslita þá er parið sett í neðsta sæti í viðkomandi dansi ef um greinilegan ásetning er að ræða.

- o Þegar dansað er beint til úrslita og einhver vafi leikur á um lögmæti klæðnaða eða spora er hægt að fá álit klæða-og sporaeftirlits ef um greinilegan ásetning er að ræða.

- o Skipti keppandi um klæðnað fyrir úrslit ber honum að sýna keppnisstjóra ný klæði. Sé það ekki gert fær keppandi ávitur og ef ný klæði eru ekki í samræmi við klæðareglur er viðkomandi þar svift stigum og sett í neðsta sæti í öllum dönsum sem keppt er í.

- o Ef að þessum reglum sem eru tilteknar hér að ofan er beitt að þar sé svift stigum og sett í neðsta sæti ef um greinilegan ásetning er að ræða munu önnur þör færast upp um sæti samanber WDSF Chairmen's reference

handbook.

- o Taki klæðaeftirlit eftir því að keppandi sé í ólöglegum klæðnaði/eða dansi ólögleg spor skal hafa samband við liðstjóra eða þjálfara hjá því dansíþróttafélagi sem við á.

Samþykkt á stjórnarfundum 6 .október 2021